

Minnisblað

Dagsetning: 09.10.2024
Viðtakandi: Náttúrufræðistofnun – NÁTT
Sendandi: Náttúrustofa Suðvesturlands – NSV

Efni: Vöktun náttúruverndarsvæða 2024 – gróðurkortlagning við Bláfjallaveg

Úttekt var unnin á 'lyngmóavist á láglendi' og 'eyðimelavist' við Bláfjallaveg sumarið 2024. Í lyngmóavist á láglendi (L10.8) eru lágvaxnar æðplöntur ríkjandi, einkum lyngtegundir líkt og krækilyng, beitilyng og bláberjalyng. Meðal æðplantna má einnig finna nokkuð mikið af mosa og nokkrar fléttur. Lyngmóar á láglendi eru af mörgum gerðum og vistgerðin því nokkuð breytileg, aftur á móti er áfoksjörð nánast allsráðandi.¹ Eyðimelavist (L1.1) einkennist hins vegar af mjög lítilli gróðurþekju, miklu grjóti, áfoki og sandfoki. Jarðvegur er grunnur og á eyðimelum finnast fáir mosar, en fléttur eru algengar. Fjöldi æðplöntutegunda er í meðallagi og þar af eru lambagras, túnvingull, axhæra og melablóm algengastar.¹

Gróðurmælingar voru framkvæmdar með það að markmiði að athuga hvort breytingar sem hafa átt sér stað á svæðinu frá því síðasta úttekt var framkvæmd árið 2013, hvort sem um er að ræða brotthvarf eða aðkomu plöntutegunda, breytingar á gróðursamfélagi eða breytingu á vistgerð.

Framkvæmd

Gróðursnið við Bláfjallaveg voru heimsótt þann 17. júlí 2024 af starfsfólki Náttúrustofu Suðvesturlands (JM, SVF). Gróðurmælingar voru framkvæmdar samkvæmt leiðbeiningum NÁTT um vöktun vistgerða. Við Bláfjallaveg var úttekt unnin á tveimur sniðum (RN-23-02 og RN-15-03) út frá settum GPS hnitum. Tvö GPS hnit voru tileinkuð hverju sniði, voru þau merkt með hælum og 40 metra málband lagt niður á milli þeirra. Engir varanlegir hælir sáust frá mælingunni sem gerð var 2013 en hælir voru skildir eftir að þessu sinni. Fimm metrar voru síðan mældir báðu megin við GPS hnitin, hornrétt á málbandið, og hælir notaðir til þess að afmarka sniðið, þá 10x40 metrar. Þegar staðsetning og lega sniðanna var tilbúin var notast við staðsetningu smáreita frá gróðurúttektinni árið 2013. Árið 2013 voru átta smáreitarhnit, en í ár var ráðgert að nota einungis sex þeirra (hnitum nr. 2 og 7 var sleppt). Yfirlitsmyndir voru teknar af hverju sniði auk þess sem ljósmyndir voru teknar af smáreitum (1. mynd). Jarðvegsskýpt var mæld við alla smáreiti og jarðvegsbor notaður til þess að taka jarðvegssýni til frekari greiningar. Alls voru 6 jarðvegssýni tekin á einu sniði, þ.e. eitt sýni sitthvoru megin við smáreiti 1, 3 og 6, og ljósmyndir teknar af þeim. Lega reits, jarðvegsraki og jarðvegsgerð voru metin, ásamt því að mæla gróðurhæð í hverju horni smáreits. Skráð var niður heildarþekja, æðplöntuþekja, grýtniþekja, mosaþekja og fléttuþekja skv. Braun-Blanquet kvarða. Tegundir æðplantna voru einnig greindar innan smáreitanna og skráðar skv. Braun-Blanquet. Allt sniðið var síðan skoðað og allar þær tegundir sem ekki fundust í smáreitum voru einnig skráðar. Plöntuhandbók Harðar Kristinssonar var notuð til tegundagreiningar. Sýni voru tekin af plöntum sem erfitt reyndist að greina á vettvangi og voru þau varðveitt og fullgreind síðar á rannsóknarstofu. Að lokum voru vistgerð og gróðurfélag hvers sniðs skráð. Til að framkvæma þessar mælingar voru ýmis tól notuð; hælir, málbönd, 33x100 cm rammi (fyrir smáreiti), GPS tæki, myndavél (sími), reglustika, hnífur, plastpokar, bréfpokar, jarðvegsbor, dýptarmælir og tveggja metra mælistika.



1. mynd. Yfirlitsmynd af sniði RN-15-03. Mynd: SVF.


Ástandsmat og frumniðurstöður

Búið er að setja inn allar upplýsingar í gagnagrunn NÁTT og vista allar ljósmyndir í ljósmyndaforritinu FotoWare. Ítarlegri greiningu gagnanna er á höndum NÁTT en hér eru helstu niðurstöður sem NSV gerir grein fyrir:

Þegar sniðin eru borin saman á milli áranna 2013 og 2024 hefur jarðvegsgerð ekki breyst en á sniði RN-23-02 hefur jarðvegur breyst í raka, úr því að vera þurr í deigur. Flétu- og háplöntuþekja á sniði RN-23-02 er mjög svipuð á milli mælingaára en mosapekja hefur aukist þónokkuð síðan árið 2013. Árið 2024 voru 25 plöntutegundir skráðar á sniðinu og voru 17 þeirra einnig skráðar árið 2013. Bæði mælingaár var allmikið af krækilyngi en örlítið af bláberjalyngi. Beitleyng og grasvíðir voru ríkjandi í þekju árið 2013, undanskilið krækilyngi, en síðan þá hefur mikið af þeirri þekju horfið og hafa nú aðrar tegundir aukist í þekju líkt og blóðberg, brjóstagras og möðrur, þá sérstaklega hvítmaðra (2. mynd). Skriðlíngrasi og týtulíngrasi voru skráðar tegundir í flestum reitum árið 2024 en þær voru ekki skráðar á sniðinu árið 2013. Bugðupunktur fannst hins vegar í öllum reitum árið 2013 en hann fannst ekki á sniðinu árið 2024. Aðalbláberjalyng fannst einnig innan tveggja reita 2024 en var ekki á sniðinu 2013. Aðrar tegundir sem voru einungis skráðar árið 2024 voru m.a. holtasóley, sortulyng og stinnastör. Undanskildum bugðupuntinum voru 6 aðrar tegundir sem voru skráðar á sniðinu árið 2013 sem ekki fundust árið 2024, m.a. móasef, vegarfi og axhæra. Þrátt fyrir þessar breytingar á svæðinu síðan árið 2013 flokkast það enn sem lyngmóavist á láglandi en er þó á mörkum þess að flokkast undir moslendi.

Árið 2013 voru 13 æðplöntutegundir á sniði RN-15-03 en árið 2024 voru tegundirnar 15. Þekja æðplantna hefur aukist þónokkuð en þá aðallega hvað varðar lúpínu. Hún var aðeins með örlitla þekju í tveim smáreitum árið 2013 en árið 2024 fannst hún í fimm reitum og í fjórum þeirra var þekjan orðin mun meiri, allt að ~80%. Ellefu tegundir fundust á sniðinu bæði mælingaár, t.d. mátti finna blávingul, túnsúru og axhæru innan smáreita. Tegundir sem voru einungis skráðar árið 2013 voru músareyra og lambagras og tegundir sem voru einungis skráðar árið 2024 voru ljónslappi, kornsúra, hvítmaðra og

sitkagreni (3. mynd). Hæð gróðurs var 0 cm í öllum reitum árið 2013 en vegna aukinnar þekju á æðplöntum árið 2024 mældist hæðin frá 1 - 32 cm í fimm reitum. Mosa- og fléttuþekja hefur einnig aukist með árunum en um er að ræða sama hóp fléttna, breiskjufléttur. Þrátt fyrir þessar breytingar á sniðinu flokkast svæðið enn sem eyðimelavist en það er þó farið að líkjast alaskalúpínu-vist (L14.4) að miklu leyti. Gróðurfélag sniðsins var áður sk (skriður) en er nú orðið L3 (alaskalúpína).



2. mynd. Krækilyng, blóðberg, beitleyng, hvítmaðra, krossmaðra, kornsúra, blávingull, skriðlíngresi og grasvíðir í smáreit númer 3 á sniði RN-23-02. Mynd: SVF.



3. mynd. Lúpína, sitkagreni, melablóm, axhæra og túnsúra í smáreit númer 6 á sniði RN-15-03. Mynd: SVF.

Tillögur að áframhaldandi vöktun

Snið RN-23-02 hefur tekið þónokkrum breytingum síðan árið 2013 og er á mörkum þess að flokkast undir moslendi, væri því ráðlagt að halda áfram vöktun á svæðinu eftir önnur 10 ár. Breytingar á sniði RN-15-03 eru töluverðar þá sérstaklega hvað varðar þekju á lúpínu. Eyðimelavist hefur lágt verndargildi¹ en áframhaldandi vöktun á svæðinu eftir 5 ár væri æskileg til að fylgjast með útbreiðslu lúpínunnar.



Heimildir

1. Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir og María Harðardóttir, ritstj. 2016. Vistgerðir á Íslandi. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 54. 299 s.